

## 306. fundur

Fimmtudaginn 14. nóvember 2024, kl. 15:00 kom verðlagsnefnd búvara saman í matvælaráðuneytinu. Fundinn sátu: Tryggvi Þór Herbertsson, formaður, Elín Margrét Stefánsdóttir, Rafn Bergsson, Pálmi Vilhjálmsson, Róbert Farestveit og Sigurbjörg Ottesen. Hálf dán Óskarsson og Hrannar Mór Gunnarsson sátu fundinn í gegnum fjarfundarbúnað. Þá sat einnig fundinn Arnar Freyr Einarsson, MAR.

Þetta gerðist á fundinum.

Formaður tók eftirfarandi fyrir samkvæmt dagskrá:

### 1. Kynning á nýskipaðri nefnd

Formaður bauð nýskipaða verðlagsnefnd velkomna til starfa. Formaður og nefndarmenn kynntu sig. Endurskipað var í nefndina þann 6. nóvember 2024 til tveggja ára.

### 2. Verkefni framundan

Farið var yfir kynningu á verkefnum og umgjörð verðlagsnefndar. Fjallað var um reiknilíkön, þ.m.t. nýjan verðlagsgrundvöll kúabús sem staðfestur var á síðasta fundi. Umræður um næstu skref í frágangi nýs verðlagsgrundvallar og hvernig hann skuli vera tekinn í gagnið. Stefnt að því að formleg uppsetning og greinargerð um endurskoðun verðlagsgrundvallar liggi fyrir í desember og farið yfir drög á næsta fundi. Þá var sammælt um að á skipunartímanum yrði farið yfir iðnaðarlíkanið og tekin afstaða hvort tilefni sé til endurskoðunar á því. Á næsta fundi verða verklagsreglur verðlagsnefndar teknar fyrir og farið verður yfir iðnaðarlíkanið og forsendur þess.

### 3. Önnur mál

Engin.

Fleira var ekki tekið fyrir, fundi slitið kl. 16:00.

Tryggvi Þór Herbertsson

Arnar Freyr Einarsson